

**Ed.**

**318. Nefndarálit**

**[134. mál]**

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Staumsvík.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaður leggur til að frumvarpið verði *ekki samþykkt*.

Nefndinni hefur enginn tími gefist til að fjalla efnislega um málið. Fram kom að litlu breytti þótt samþykkt frv. drægist fram yfir áramót þar eð samningurinn gerir ráð fyrir þriggja mánaða fresti frá 11. nóv. 1985 til löggildingar.

Við stutta efnislega athugun á samningnum verður ekki séð að hann sé betri en fyrri samningur um sömu atriði. Núverandi ríkisstjórn ákvað að ganga til samninga við Alusuisse í tvennu lagi, þ.e. að semja fyrst um raforkuverð og síðan um skattamál. Ríkisstjórn Íslands samdi um deilumál sín við Alusuisse til að liðka fyrir áframhaldandi samningsgerð.

Málarekstur var ein leið til að skapa sáttagrundvöll en sú leið hefði eflaust tekið langan tíma. Nú virðist fullsýnt að sá siðferðilegi bakhjarl, sem fráharf frá málshöfðun á hendur Alusuisse er, hefur ekki skilað viðunandi niðurstöðum í framhaldssamningum við Alusuisse. Tæknilegar breytingar á fyrri uppgjörsaðferðum nægja ekki ef þær breyta litlu um aðstöðu okkar og tölulegar niðurstöður í framtíðinni.

Alþingi, 18. des. 1985.

Stefán Benediktsson.